

Fundur haldinn 15. október 2010 í mennta- og menningarmálaráðuneytinu um uppgjör Menntaskólans Hraðbraut

Fundarmenn: Ólafur H. Johnson, skólastjóri; Gísli Þór Magnússon, skrifstofustjóri fjármálasviðs; Marta Guðrún Skúladóttir, sérfræðingur á fjármálasviði.

Á fundinum var rætt um forsendur uppgjörs vegna skuldar skólans eða óuppgerðra ársnemenda. Undanfarin ár, nema árið 2009, hefur skólinn skilað færri ársnemendum en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Á fundinum var annars vegar rætt um fjölda ársnemenda til uppgjörs og hins vegar um verðforsendur sem liggja að baki uppgjörinu. Hér á eftir fer fram umfjöllun um hvoran þátt.

Í eldri samningi sem ráðuneytið gerði við skólann var gert ráð fyrir að nemandi teljist vera í fullu námi sem lýkur 68 einingum á ári eða 34 einingum miðað við hefðbundinn hraða í framhaldsskólakerfinu þar sem gert er ráð fyrir að ársnemendi taki 35 einingar. Gildandi samningur, frá 2007, gerir hins vegar ráð fyrir að einingarnar séu 34,5. Á tímabilinu 2004-2009 ber á milli 23 ársnemendur skv. gögnum sem Hraðbraut leggur fram og þeirra uppgjörstalna sem liggja fyrir í ráðuneytinu. Meðfylgjandi tafla sýnir mismuninn sem myndast. Þess ber að geta að í upphaflegum uppgjörstölum ráðuneytisins var gert ráð fyrir 35 einingum á ársnemendum á árunum 2008 og 2009 en í töflunni hér að neðan hefur verið leiðrétt fyrir því.

	Hraðbraut	MRN	Mism.
2004	149	149	0,0
2005	240	233	7,0
2006	254	247	7,0
2007	271	267	4,0
2008	255	255	0,4
2009	260	256	4,3
Alls	1429	1406	22,7

Fundarmönnum er kunnugt um það misræmi sem er í tölunum og er gerður fyrirvari að hálfu Hraðbrautar um mögulegar athugasemdir síðar.

Á fundinum voru einnig ræddar mismunandi aðferðir til uppgjörs. Taka þarf afstöðu til þess hvernig taka eigi á húsnæðisþætti, þ.e. hvort hann er inni í uppgjörstölum eða ekki. Þá þarf að taka afstöðu til þess á hvaða verðlagi skuli gera upp, þ.e. á föstu verðlagi eða verðlagi hvers árs.

Í 4. gr. gildandi samnings kemur fram að greiðslur ráðuneytisins séu annars vegar vegna framlags sem byggist á reiknilíkans framhaldsskóla með tilliti til umsamins fjölda nemenda og hins vegar vegna leigu á húsnæði skólans. Í 5. gr. gildandi samnings um uppgjör kemur fram að verðgildi hvers ársnemanda grundvallist af framlagi reiknilíkans á því fjárlagaári sem gert er upp. Af þessu má skilja að ekki sé tekið tillit til húsnæðisþáttarins í uppgjöri ólíkt því sem er viðtekin venja í uppgjöri ráðuneytisins. Hins vegar er ekki fullljóst af framangreindu ákvæði í 5. gr. um uppgjör hvaða ár skuli nota til grundvallar við verðlagningu uppgjörs. Þar sem stefnir í núna að nemendur skólans verði gerðir upp aftur í tímann er álitamál hvort verðlag hvers árs verði haft til grundvallar eða verðlag þess árs sem uppgjórið fer fram, þá væntanlega yfirstandandi ár 2010.

Taflan sýnir útreikninga þar sem miðað er við mismunandi gefnar forsendur uppgjörsaðferða. Fyrri hluti töflunnar sýnir uppgjör frá upphafsári skólans 2004 fram til 2009, þ.e. þar er ekki tekið tillit til

skuldarviðkenningarinnar í eldri samningi. Forsenda síðari hluta útreikninga í töflunni (2007-2009) er að fallist hafi verið á að skuld vegna eldri samnings hafi verið 34 m.kr., eins og tiltekið er í nógildandi samningi. En í 1. gr. nógildandi samnings er ákvæði þess efnis að inntaka fleiri nemenda en kveðið er á um í samningnum sé heimil á samningstímanum enda komi ekki til frekari framlaga vegna þeirra en heimilt verði að skuldarjafna á móti skuld frá árinu 2006 eða sem nemur 34 m.kr.

Ár	2004-2009			2007-2009			Framl. per nem. 2010	Verðl. 2010
	Verðlag hvers árs			Verðl. hvers árs.				
	Frá ÓHJ póstur 141010 Án húsn.þ.	MRN leiðr. tölur ÓHJ	MRN leiðr. útreikn. ÓHJ	Ólafur	MRN	MRN	MRN skuld v/2007-09	MRN skuld v/2007-09
2004	-26,4	-36,1	-48,1					
2005	-26,2	-41,7	-53,9					
2006	-19,5	-37,2	-46,2					
2007	-8,2	-28,2	-33,5	-8,2	-28,2	-33,5	-40,4	-40,4
2008	-15,9	-30,5	-35,5	-15,9	-30,5	-35,5	-48,3	-48,3
2009	27,6	3,3	3,4	27,6	3,3	3,4	3,6	3,6
Alls	-68,5	-170,4	-213,8	3,6	-55,4	-65,6	-85,1	-85,1
			Nem.uppgj. 08				30,2	30,7
			Skuld í samn. v/2006	-34,0	-34,0	-34,0	-34,0	-42,3
				-30,4	-89,4	-99,6	-88,9	-96,7

Sé litið til þessara mismunandi uppgjörsaðferða getur uppsöfnuð skuld við ráðuneytið legið frá 30,4 m.kr. til 213,8 m.kr. með fyrirvara um að forsendur samkomulagsins sem gert var við endurnýjun samningsins árið 2007 standist.

Ólafur upplýsir að það stefni í að á árinu 2010 verði 325 ársnemendur í skólanum og telur að á næsta ári verði nemendur mun fleiri en forsendur fjárlagafrumvarps 2011 segir til um, en þar er gert ráð fyrir 235 ársnemendum. Ef áætlanir skólans um fjölda nemendur á árinu 2010 ná fram að ganga má leiða að því líkum að skuld skólans við ráðuneytið verði greidd upp að mestu eða öllu leyti í árslok 2010, með ofangreindum hætti.

Aðspurður sagði Ólafur hann teldi að hann gæti aflað fjár ef til uppgjors miðað við sl. áramóta kæmi. Það yrði hins vegar að því gefnu að hann gæti verið öruggur um að ráðuneytið gengi til samninga við hann um áframhaldandi samstarf. Hann lagði fram þá ósk að gengið yrði til uppgjors miðað við sl. áramót og gengið út frá því að þar með væri búið að gera upp til og með ársins 2009.